

## **Opnun meðferðarmiðstöðvar Teigs og almennrar dag- og göngudeildar þann 15. mars kl. 15.**

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, samstarfsfólk og aðrir góðir gestir!

Fyrir hönd sviðsstjórnar geðsviðs vil ég þakka fyrir þann velvilja og stuðning sem ráðherra heilbrigðismála hefur lagt geðheilbrigðismálum á undanförunum árum. Það var ljóst í upphafi sameiningar geðsviðanna tveggja á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og Landspítala að fjölmörg verkefni væru framundan til að bæta og auka þjónustu við geðsjúka á sameinuðu háskólasjúkrahúsi.

Í tilefni að flutningi Teigs frá Flókagötunni hingað í nýuppgerpt húsnæði í geðdeildarbyggingu við Hringbraut og vegna framkvæmda í fyrrverandi taugadeildarhúsnæði fyrir almenna dag- og göngudeild er mikilvægt að staldra við og fara yfir tilganginn og markmiðin með slíkum breytingum.

Í fyrsta lagi, eru þessar breytingar í samræmi við þá stefnu og sýn sem Landspítali - háskólasjúkrahús hefur, þ.e. sjúkrahúsinu er ætlað það hlutverk að taka forystu um geðheilbrigðisþjónustu í landinu með því að veita framúrskarandi þjónustu til geðsjúkra og fjölskyldna þeirra. Einnig samræmist þessi áhersla á uppbyggingu göngu- og dagdeildarþjónustu hlutverki spítalans sem kennslu- og vísindastofnunar.

Í öðru lagi, hefur yfirstjórn Landspítala - háskólasjúkrahúss lagt vaxandi áherslu á fækkun legudaga og færslu þjónustu annarra en bráðþjónustu af legudeildum sjúkrahússins yfir til dag- og göngudeilda eða hagkvæmari þjónustueininga. Þessi stefna hefur kallað á nýjar áherslur og vinnubrögð eins og yfirlæknarnir Halldóra Ólafsdóttir og Bjarni Össurason lýstu hér áðan.

Í skýrslu nefndar um ferliverkastarfsemi á LSH, sem birt var á sl ári, segir m.a. að markmið með eflingu starfs á dag- og göngudeildum sé að mynda eðlilegt flæði á milli mismunandi þjónustustiga á LSH, bæta þjónustu og aðgengi við sjúklinga og hagræða í rekstri. Efling þverfaglegar og árangursmældrar þjónustu við geðsjúka á meðferðarmiðstöð sem inniber bæði almenna dag- og göngudeild fyrir geðsjúka og áfengis- og vímuefna dag- og göngudeild á Landspítala - háskólasjúkrahúsi er í samræmi við stefnu spítalans.

Rannsóknir hafa ekki gefið óyggjandi svör um hvaða meðferð hentar öllum hópum sem leita eftir göngudeildarþjónustu geðsviðs. Mikilvægt er því að fylgjast vel með erlendum rannsóknum og taka þátt í að þróa þær meðferðir sem gefa vísbendingar um árangur. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess að Landspítali - háskólasjúkrahús hefur sérstakar skyldur við stóran hóp sjúklinga Flókið samspil milli geðrænna vandamála, félagslegra þátta og meðferðarárangurs er verðugt rannsóknarverkefni á háskólasjúkrahúsi. Aukinn skilningur á samspili þessara þátta er e.t.v. sérstaklegar nauðsynlegur til að greina meðferðarþarfir þeirra sem eru að fást við hvoru tveggja, fíknisjúkdóma og aðrar geðraskanir.

Sviðsstjórar ásamt millistjórnendum og starfsfólki geðsviðs hafa á undanförunum árum skapað samstöðu um viðfangsefnin sem framundan eru; þjóðaráttak í málefnum geðsjúkra barna og unglinga, nauðsynlegar úrbætur í búsetumálum geðsjúkra, eflingu þverfaglegar þjónustu vegna einstaklinga með átraskanir til að nefna fátt eitt sem eru baráttuverkefni framundan. Aukin þverfagleg samvinna, aukin samvinna við notendur þjónustunnar, samþætting þjónustu og vísindavinnu, þróun fjölbreyttari meðferðarúræða, aukin þjálfun heilbrigðisstétta í teymisvinnu, samræmdir gæðavísar eru allt markmið sem verið er að vinna ötullega að á geðsviði LSH.

Millistjórnendur og starfsfólk geðsviðs hefur þorað að takast á við breytingar sem hluta af daglegri stjórnun og þannig smám saman breytt starfsháttum og viðhorfum, út á við jafnt sem inn á við. Það ber að þakka. Færni og þekking er skilyrði þess að ná árangri en aðbúnaður og húsnæði eru einnig mikilvægir þættir til að vel megi takast. Framkvæmdir á húsnæði geðdeildarbyggingarinnar hafa gengið að óskum og verið til fyrirmyndar. Listrænar myndskreytingar sem voru fluttar með frá Flókagötunni ylja, gefa hlýju og veita húsnæðinu faglegt yfirbragð. Einn áfangi er þó eftir það er, flutningur á aðstöðu sjúklinga til reykinga frá anddyri geðdeildarbyggingarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, við erum er fullviss að þeim fjármunum, sem þú veittir, til að þessar breytingar hafa orðið að veruleika hafi verið vel varið. Enn og aftur takk fyrir stuðning og velvilja í okkar garð.

